



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 03.03.2025 kl. 14:00 í
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 12**

Mætt: Þormóður Logi Björnsson, Svava Ósk Stefánsdóttir, Silja María Albertsdóttir, Ljiridonna Osmani, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Kristjana Atladóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Foreldrafræðsla um skjánotkun barna

- Foreldrafræðsla um skjánotkun barna var haldin dagana 10. – 13. febrúar í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Verkefnið vakti mikla lukku meðal foreldra og var aðsóknin almennt góð.
- Hópurinn fór yfir það hvernig til tókst, hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara. Allir lýstu yfir mikilli ánægju með foreldrafræðsluna og höfði margir einnig heyrt frá foreldrum sem voru ánægðir með þetta framtak.
- Hópurinn ræddi næstu skref og voru allir sammála um það að gera viðburðinn að árlegum viðburði. Hópurinn taldi árangursríkt að halda foreldrafræðsluna strax í upphafi skólaárs, eða í septembermánuði.
- Rætt var um leiðir til þess að fá sem flesta foreldra á foreldrafræðslu.
 - Nýta samtalsdaga í grunnskólunum og vera með útprentaða miða þar sem foreldrar kvitta fyrir mætingu á foreldrafræðsluna.
 - Hringja í foreldra og spyrja hver mætir fyrir hönd barnsins.
- Námsráðgjafar grunnskólanna hafa nú fengið frábært efni um skjánotkun barna frá Skúla Braga Geirdal sem mikilvægt er að koma til foreldra barna á yngsta stigi.

Kynning á félagsmiðstöðinni Brúnni í Háaleitisskóla

- Jón Ragnar Magnússon umsjónarmaður Brúarinnar kynnti starf félagsmiðstöðvarinnar. Hann fór yfir sögu félagsmiðstöðvarinnar, markmið, áherslur og tölfræði. Félagsmiðstöðin er að mestu leyti sótt af nemendum í Háaleitisskóla. Stór



hópur nemenda með íslensku sem annað eða þriðja tungumál hefur sótt félagsmiðstöðina. Einnig hafa yfir 70% nemenda Friðheima mætt í félagsmiðstöðina á þessari skólaönn. Hópurinn telur þetta frábæran árangur þar sem niðurstöður frá Rannsóknnum og greiningu undanfarin ár hafa sýnt okkur að nemendur í Háaleitisskóla hafa ekki verið að sækja íþrótt- og tómstundastarf nægilega vel. Samtakahópurinn þakkar Jóni Ragnari fyrir frábæra kynningu á félagsmiðstöðvarstarfi Brúarinnar.

Fundi slitið kl. 15:00

Næstu fundur: þriðjud. 2. apríl. kl.14:00 í Ráðhúsinu